

Föstudaginn 12. mars 1993.

Nr. 113/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Anthony Lee Bellere.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. mars 1993, sem barst réttinum 10. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ákærvaldið krefst staðfestingar úrskurðarins.

Ákærvaldið hefur með ákæru 10. mars 1993 höfðað opinbert mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur varnaraðila vegna þeirrar háttsemi, sem um er getið í hinum kærða úrskurði.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Varnaraðili skal því sæta gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar dóms í máli ákærvaldsins gegn honum, en þó ekki lengur en til 29. mars næstkomandi kl. 16.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Anthony Lee Bellere, sæti gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar dóms í máli ákærvaldsins gegn honum, en þó ekki lengur en til 29. mars næstkomandi kl. 16.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Anthony Lee Bellere, kt. 030966-5389, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. þ. m. kl. 16.00.

Laust fyrir miðnætti í gærkvöld var lögregla kvödd að húsinu nr. 107-109 við Fiskislóð hér í borg, en tilkynnt hafði verið, að þar hefði maður verið staðinn að innbroti.

Á vettvangi hittu lögreglumennirnir fyrir forsvarsmann fyrirtækisins og

kærða. Skýrði forsvarsmáðurinn þeim frá því, að hann hefði komið að kærða gramsandi í skúffum í skrifborði fyrirtækisins. Var kærði handtekinn og færður í fangageymslur lögreglu.

Við rannsókn málsins hefur kærði staðfastlega neitað að hafa farið inn í framangreint fyrirtæki í þjófnaðartilgangi. Erindi sitt hafi verið að grennslast fyrir um, hvort þar væri að finna nafn stúlku, sem hann hefur nafngreint, á starfsmannaskrá fyrirtækisins, til þess að komast að símanúmeri hennar. Áður en hann fór inn í fyrirtæki þetta, hafi hann hitt að máli mann, sem var að störfum í nálægu fyrirtæki, og spurt hann, hvort í grenndinni væri að finna saltfisksverkun. Sá maður hafi hins vegar hvorki vitað eitt né neitt.

Krafa RLR er reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Meðal rannsóknargagna málsins er sakavottorð kærða og bréf Fangelsismálastofnunar ríkisins, en í því var honum synjað um reynslulausn 30. desember sl. Kærði lauk afplánun fangelsisrefsingar 14. febrúar sl. Fram kemur í sakavottorðinu, að brotaferill kærða er samfelldur. Ber þar mest á auðgunarbrotum.

Skýringar kærða á því, hver hafi verið tilgangur hans með því að fara inn í framangreint fyrirtæki, eru harla ótrúverðugar, einkum í ljósi þess, að hann hefur margsinnis hlotið fangelsisrefsingu fyrir þjófnaðarbrot. Með vísan til framanritaðs og skirskotun til hinnar tilvitnuðu lagagreinar verður krafa RLR um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina, eins og hún er fram sett, en brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. mars nk. kl. 16.00.